

422. fundur Framkvæmdarnefndar búvörusamninga var haldinn 27. apríl 2017 kl. 13:00 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson, starfandi formaður, Arnar Árnason formaður LK, Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Forföll boðuðu Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur FJR og Páll Rafnar Þorsteinsson aðstm. ráðherra. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eypórsson, frkvstj. BÍ.

Fundargerð ritaði Arnar Freyr Einarsson ANR.

Þetta var gert:

1. Lögð fram uppfærð fundaráætlun fyrir árið 2017. Samþykkt með einni breytingu.
2. Lögð fram endurskoðuð tillaga Landssambands kúabænda frá 26. apríl 2017, um ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt. Lagt til að 20 m. kr. verði ráðstafað í greiðslur vegna nautakjöts-framleiðslu til byggingar einangrunarstöðvar vegna innflutnings á erfðafni holdanautgripa. Jafnframt er lagt til að kr. 80.009.803 sem eftir standa verði ráðstafað í fjárfestingastuðning. Við ráðstöfunina eykst pottur fjárfestingastuðnings um 80 m. kr. en hámarksgræiðslur til einstakra aðila hækka ekki. Tillögurnar voru samþykktar.
3. Lagt fram erindi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði frá 5. apríl 2017, um ríkisstuðla próteins og fitu fyrir nýja vörutegund. Nefndinni var kynnt erindið. Nefndin fól ANR að kanna hvort staðfesting ríkisstuðla sé í höndum nefndarinnar.
4. Lögð fram tillaga aðalfundar félags sauðfjárbænda í V-Hún., vegna álagsgreiðslna í gæðastýrðri sauðfjárrækt. Rætt var um hvort 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1229/2016 um heimild til að setja þyngdartakmarkanir vegna álagsgreiðslna, standist ákvæði 4. gr. samnings um starfsskilyrði í sauðfjárrækt. Með vísan til niðurstöðu aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda 2017 telur nefndin ekki rétt að nýta heimildarákvæði vegna ársins 2018 hvað varðar þyngdartakmarkanir fyrir greiðslum eða skiptingu greiðslna jafnt á skrokka sbr. 2. og 3. ml. framangreindrar málsgreinar.
5. Lagt fram minnisblað stjórnar Samtaka ungra bænda frá 29. mars 2017 um ákvæði reglugerða sem snúa að nýliðun. Tillögur eru eftirfarandi: a) að í d-lið 15. gr. í reglugerð um almennan stuðning við landbúnað, verði orðunum „handhafar beingreiðslna“ skipt út fyrir „eigenda beingreiðslna“. D-liður hefur nú þegar verið felldur úr gildi. b) úrbætur verði gerðar á 10. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt, um skilgreiningu „nýliða“, svo að skilgreiningin verði samræmd þeirri sem kveður á um í reglugerð um stuðning í nautgriparækt. c) að heimild Matvælastofnunar til að forgangsraða umsóknum um nýliðunarstuðning skv. 16. gr. reglugerðar um almennan stuðning í landbúnaði verði gerð að skilyrði. Ljóst að Matvælastofnun hefur ekki annað í hyggju en að forgangsraða skv. 16. gr. Minnisblaðið rætt.
6. Lagðar fram athugasemdir LK um drög að reglugerð um gæðamat og flokkun sláturafurða. Lagt er til að fram komi í bráðabirgðaákvæði við reglugerðina að nautgripaskrokkar sem framleiddir voru frá og með 1. janúar 2017 og til gildistökudags EUROP matsins, njóti sláturálags skv. ákvæðum 20. gr. reglugerðar nr. 1150/2016, ef þeir uppfylli eftirtalin skilyrði: a) Nautgripakjöt falli í gæðaflokkana

UNI úrval eða UNI fituflokka A, B og C. b) Lágmarksþyngd grips sé 250 kg, c) gripur sé yngri en 30 mánaða. Nefndin leggur til við ráðherra að tillaga LK verði samþykkt.

7. Önnur mál.

- a) Kynnt var áskorun aðalfundar LS um fyrirkomulag svæðisbundins stuðning verði þannig háttað að bændum verði ekki mismunað. Nefndin leggur til að ANR hafi samráð við Byggingastofnun og fjalli um málefnið sem gerðar hafa verið athugasemdir um, fyrir næstu áramót. Kannað verði hvort bæta megi kerfið með almennum hætti, áður en reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt verður gefin út að nýju í lok þessa árs.
- b) Rætt um tillögu aðalfundar LS um tvöfaldar stuðningsgreiðslur í maí 2017 og í staðinn falli niður greiðslur í nóvember. Búið er að afgreiða greiðslur fyrir maí, því er ekki hægt að verða við tillögunni.
- c) Rætt um greiðsluflæði í sauðfjárrækt 2018. Ákveðið að ræða nánar síðar á árinu, fyrir endurútgáfu reglugerðar sbr. a) lið.
- d) Rætt um styrkhæfi umsókna um fjárfestingastuðning í nautgripa- og sauðfjárrækt. Nefndin leggur til að framkvæmdir sem hefjast á árinu 2017 verði styrkhæfar þegar fjárfestingastuðningur í sauðfjárrækt hefst árið 2018. Þá er lagt til að skilyrði fyrir fjárfestingastuðningi í nautgriparækt séu bundin því að framkvæmdir eða hluti framkvæmda hafi sannanlega átt sér stað á árinu 2017, hvort sem framkvæmdir hafi hafist það ár eða fyrr. Þá ítrekar nefndin að tæknibúnaður svo sem róbótar, mjaltakerfi eða fóðurkerfi sé ekki styrkhæfur. Þessi tímamörk miðast í báðum tilvikum við gildistöku nýju búvörusamninganna þann 1. janúar 2017.
- e) Lagt fram heildaryfirlit stuðningsgreiðslna fyrir skattárið 2018 og minnisblað Búnaðarstofu um helstu tölur eftir innleiðingu nýrra búvörusamninga.
- f) Rætt var um að innlausn greiðslumarks verði auglýst 15. hvers mánaðar á undan innlausnarmánuði, í stað 4. dags innlausnarmánaðar. Jafnframt var rætt um að breyta lokamálsgrein 10. gr. rg. nr. 1150/2016 um að tilboð um kaup á greiðslumarki séu bindandi frá skiladegi umsóknar um innlausn.
- g) Lagt fram erindi Sambands garðyrkjubænda um markaðsbrest á plöntuverndarvörum og markaðsleyfi á slíkum vörum. Skert aðgengi bænda að nauðsynlegum vörum til ræktunar er mikið áhyggjuefni. Mikilvægt er að finna lausn sem allra fyrst og mögulega þarf að taka málið upp við endurskoðun búvörusamninga 2019.
- h) Formaður BÍ greindi frá því að yfirstandandi væru viðræður við stjórnvöld vegna vanda sauðfjárræktar og óskaði eftir því að nefndin yrði reiðubúin að koma saman með skömmum fyrirvara, þegar niðurstöður þeirra lögju fyrir.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 16:00.

